

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 229/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/139 frá 29. janúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni IMI389521, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/147 frá 30. janúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni PPRI 5339, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/148 frá 30. janúar 2019 um að samþykkja ekki virka efnið própanil í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/149 frá 30. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1108 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir notkun ediks sem grunnefnis ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/150 frá 30. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta eftirfarandi virk efni sem eru í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 26, 30.1.2019, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 20.

plöntuverndarvörum: deltametrín, díflúfeníkan, epoxíkónasól, flúoxastróbín, própíókónasól og tebúkónasól ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/151 frá 30. janúar 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Clonostachys rosea* af stofni J1446 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/158 frá 31. janúar 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metoxýfenósíði sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai, *Bacillus thuringiensis* undirteg. israeliensis, *Bacillus thuringiensis* undirteg. kurstaki, *Beauveria bassiana*, benflúralín, klódínafóp, klópýralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródíníl, díklórpróp-P, epoxíkónasól, fenpýroxímat, flúasínám, flútólaníl, fosetýl, *Lecanicillium muscarium*, mepanípyrím, mepíkvat, *Metarhizium anisopliae* var. *Anisopliae*, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea*, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, pírimetaníl, *Pythium oligandrum*, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61, þiaklópríð, tólklófosmetýl, *Trichoderma asperellum*, *Trichoderma atroviride*, *Trichoderma gamsii*, *Trichoderma harzianum*, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól, *Verticillium albo-atrum* og síram ⁽⁸⁾.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 26.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 21.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1.

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32019 R 0139:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/139 frá 29. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 26, 30.1.2019, bls. 4),
- **32019 R 0147:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/147 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 14),
- **32019 R 0149:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/149 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 20),
- **32019 R 0151:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/151 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 26),
- **32019 R 0158:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/158 frá 31. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 21),
- **32019 R 0168:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012):

- „– **32019 R 0150:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/150 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 23).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1108):

„, breytt með:

- **32019 R 0149:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/149 frá 30. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 20).“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1981):

- „13zzzzzzzzzp. **32019 R 0139:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/139 frá 29. janúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni IMI389521, í samræmi við reglugerð

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 26, 30.1.2019, bls. 4).

13zzzzzzzzzq. **32019 R 0147:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/147 frá 30. janúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni PPRI 5339, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 14).

13zzzzzzzzzr. **32019 R 0148:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/148 frá 30. janúar 2019 um að samþykkja ekki virka efnið própanil í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 18).

13zzzzzzzzzs. **32019 R 0151:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/151 frá 30. janúar 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Clonostachys rosea* af stofni J1446 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 26).

13zzzzzzzzzt. **32019 R 0158:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/158 frá 31. janúar 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metoxýfenósíði sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2019, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/139, (ESB) 2019/147, (ESB) 2019/148, (ESB) 2019/149, (ESB) 2019/150, (ESB)

2019/151, (ESB) 2019/158 og (ESB) 2019/168 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.